

Dauðsföll og dvalarheimili

Svíþjóð hefur vakið heimsathygli fyrir þá staðreynd að þar hafa greint mun fleiri smit af völdum kórónuveirunnar og mun fleiri hafa látizt af völdum hennar en í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Noregi. Hverju sætir þetta?

Hagfræðingar í háskólanum í Tel Aviv í Ísrael telja sig geta svarað spurningunni að hluta.

Byrjum sunnar í álfunni. Grikkland og Spánn eru um margt nauðalík lönd með svipaðan meðalaldur fólksfjöldans, áþekkar ævilíkur, svipað loftslag og svipuð lífskjör þótt tekjur á mann séu að vísu þriðjungi hærrí á Spáni en í Grikklandi. Hverju sætir það þá að greind kórónusmit á hverja þúsund íbúa eru rösklega 20 sinnum fleiri á Spáni en í Grikklandi? – (63 smit á hverja 10.000 íbúa Spánar borið saman við þrjú smit á hverja 10.000 íbúa Grikklands). Og hvers vegna eru dauðsföll af völdum veirunnar orðin 33svar sinnum fleiri miðað við mannfjölda á Spáni en í Grikklandi? – (61 dauðsfall á hverja 100.000 íbúa Spánar borið saman við tæp tvö dauðsföll á hverja 100.000 íbúa Grikklands). Hvað veldur þesum mikla mun á annars nauðlíkum löndum?

Ísraelsku hagfræðingarnir skoðuðu [tölur um fjölda rúma á dvalarheimilum aldraðra](#) í löndunum tveim og þá rak í rogastanz. Skv. [tölum Alþjóðarheilbrigðisstofnunarinnar](#) eru 800 dvalarheimilisrúm á hverja 100.000 íbúa Spánar borið saman við 15 rúm á hverja 100.000 íbúa Grikklands. Munurinn á fjölda rúma miðað við mannfjölda er meira en fimmtugfaldur (tölnar eru frá 2014.) Kenning Íraelsmannanna er sú að hlutfallslega miklu fleiri eldri borgarar Grikklands dvelji heima hjá sér eða hjá ættingjum sínum þar sem þeir hitta fátt fólk og lifi því við minni smithættu en eldri borgarar á Spáni sem dvelja á dvalarheimilum þar sem þeir hitta sífellt nýtt og nýtt starfsfólk og lifa því við meiri smithættu en grískir jafnaldrar þeirra.

Og þá vikur sögunni aftur til Norðurlanda. Í Svíþjóð eru næstum 1.300 dvalarheimilisrúm á hverja 100.000 íbúa borið saman við 1.150 í Finnlandi, 800 í Danmörku og Noregi og 750 á Íslandi. Eftir þessu er við því að búast líkt og í dæmi Grikklands og Spánar sem lýst var að framan að eldri borgurum í Svíþjóð stafi meiri hætta af veirusmiti en jafnöldrum þeirra annars staðar um Norðurlönd. Einmitt það er reyndin. Að frátöldu örríkinu San Marínó hefur mannfallið af völdum veirunnar í Evrópu verið mest í Belgíu og þar eru næstflest dvalarheimilisrúm fyrir eldri borgara í álfunni, næst á eftir Svíþjóð.

Þessi skýring er ekki einhlít, víst er það, en hún virðist vera marktækur hluti af flóknu munstri sem vísindamenn um allan heim reyna nú án afláts að kortleggja, skýra og skilja. Ísraelsku hagfræðingarnir telja rösklega fjórðunginn af muninum á dauðsföllum af völdum veirunnar frá einu landi til annars megi rekja til ólíks fjölda dvalarheimilisrúma miðað við mannfjölda.